

Árborg  
b.t. sveitarstjóra  
Austurvegi 2  
800 Selfossi

**Efni: Sumarstörf á Úlfljótsvatni**

Ágæti viðtakandi

Fyrir hönd Útílfsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni óska ég eftir samstarfi við Árborg um sumarstörf til handa ungum skátum til starfa á Úlfljótsvatni með stuðningi sveitarfélagsins.

Útílfsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni eru félagasamtök rekin án hagnaðarsjónarmiða og eru að fullu í eigu Bandalags íslenskra skáta sem er með rótgrónustu æskulýðshreyfingum landsins. Rekstur útílfsmiðstöðvar æskulýðshreyfingar er viðkvæmur fyrir svo miklum áhrifum sem COVID-19 hefur á reksturinn og ljóst er að leita þarf allra leiða til þess að lágmarka taprekstur árið 2020.

Á Úlfljótsvatni geta ungir skátar fengið yfirgripsmikla starfsreynslu, verkþekkingu og ekki síst færni í samskiptum í gegnum fjölbreytt og gefandi störf en fólk hvaðanæva af landinu sækir Úlfljótsvatn heim ár hvert – af flestum heimshornum raunar í eðlilegu ástandi – og fjölbreytni þeirra verkefna sem sinna þarf verður seint upptalin.

Því förum við þess á leit að Árborg styðji Útílfsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni og unga skáta í sveitarfélaginu til launaðra starfa á Úlfljótsvatni sumarið 2020.

Reykjavík 3. júní 2020,



Kristinn Ólafsson  
Framkvæmdastjóri  
kristinn@skatar.is